

Nr. 118 / 15 Gnýr HF 515**Vélarvana og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 6365
Smíðaður: Hafnarfirði 1982, Plast
Stærð: 5,82 brl. 5,50 bt.
Mesta lengd: 8,50 m Skráð lengd: 8,46 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,48 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1994
Fjöldi skipverja: 1



Gnýr HF ©MT

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. október 2015 var Gnýr HF 515 á skemmtisiglingu á Faxaflóa. Veður: Hægviðri.

Um kl. 19:30 tilkynnti skipverjinn til Neyðarlínunnar um reyk í vélarúmi og búið væri að hleypa af kolsýru á rýmið. Björgunarbáturinn Þórður Kristjánsson ásamt mönnum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðins fóru til aðstoðar og síðan var Gnýr dreginn til hafnar í Reykjavík eftir að gengið var úr skugga um að enginn eldur væri laus.

Við rannsókn kom fram:

- að í ljós kom að reimar á kælidælu fyrir vélina slitnuðu og við það sauð á vélinni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.